

ÍSLENSKA

Gátlisti

helstu atriði í málfræði og bókmenntum

Orðflokkar

geta greint orð í orðflokka.

Nafnorð

- geta greint kyn, tölu, fall
- þekkja mun á **sterkri** og **veikri** beygingu no.
- athuga vel **óreglulega** fallbeygingu no.
- athuga vel kyn og tölu orða, t.d. **foreldrar, krakkar fólk, skæri, dyr, ...**
- **kenniföll** nafnorða

Lýsingarorð

- geta greint kyn, tölu og fall
- þekkja mun á **sterkri** og **veikri** beygingu lýsingarorða (gulur bíll/guli bíllinn)
- þekkja mun á **hliðstæðu** og **sérstæðu** lýsingarorði
- þekkja mun á reglulegri og óreglulegri **stigbreytingu**

Fornöfn

- geta greint kyn, tölu og fall
- fara vel í beygingu fornafna (og stafsetningu)
- ekki þarf að flokka fornöfn
- þekkja mun á **sérstæðu** og **hliðstæðu** fornafni

Töluorð

- geta greint kyn og fall
- athuga mun á **frumtölum** og **raðtölum**
- ath. vel: einar dyr, tvennar dyr, ein skæri, fern skæri
- ath. orð sem bæta við sig greini eru nafnorð (tugur, tylft...)

Sagnorð

- **persóna** (1., 2. og 3. pers.)
- **tala** (eintala – fleirtala)
- **háttur** (persónuháttur = framsöguháttur, viðtengingarháttur, boðháttur, fallháttur = nafnháttur, lýsingarháttur þátíðar, lýsingarháttur nútíðar)
- **tíð** (nú tíð – þátíð)
- **beyging:** *sterk beyging* = 4 kennimyndir, [hjálparorð (að), (ég þt.), (við þt.), (ég hef); *veik beyging* = 3 kennimyndir [hjálparorð (að), (ég, þt.)-ði, -di, -ti í 2. kennimynd (ég hef); *blönduð beyging* = *núþálegar sagnir* (eiga, mega, unna, kunna, muna, munu, skulu, þurfa, vita, vilja) 4 kennimyndir, [hjálparorð (að), (ég nt.), (ég þt.), (ég hef)]; *ri-sagnir* (róa, gróa, snúa, núa) 3 kennimyndir: róa – reri – róið
- **afleiddar myndir** (hvaða form sagnarinnar myndast af 1. km, en af 2. km. og 3. km.)
- **orsakasagnir** (veik sögn sem myndast af þátíð (2. km) sterkrar sagnar)
- **ópersónulegar** sagnir (breytast ekki þótt skipt sé um persónu og tölu). Leggja þær helstu á minnið, muna þó að **kvíða** og **hlakka eru persónulegar**
- þekkja mun á **áhrifssögn** og **áhrifslausri sögn**

Forsetningar

- geta greint forsetn. í texta
- þekkja **forsetningarliði** og átta sig á **hlutverki** þeirra í setningu (segja til um staðsetningu, tíma og hvernig eitthvað er..)
- gott að læra **utanbókar** nokkrar algengar forsetningar
- athuga að þegar forsetning “missir” orðið sem hún stýrir falli á þá **“breytist” hún í atviksorð**. (Báturinn er kominn að (fs.) landi. Báturinn er kominn að.(ao.)

Atviksorð

- geta greint atviksorð í texta
- athuga mun á **atviksorði og lýsingarorði**
- átta sig á **hlutverki** atviksorða
- skoða **stigbreytingu** atviksorða

Samtengingar

- læra helstu samtengingar
- athuga vel orðið “**að**” sem getur verið ýmist st., fs., ao. eða nhm.

Upphrópanir og nafnháttarmerki

- geta greint í texta

Orðmyndun

- þekkja helstu **hljóðbreytingar**:
 - **hljóðskipti** (í kennimyndum sterkra sagna)
 - **klofning** (e > ja eða jö = berg > bjarg eða björg)
 - **i – hljóðvarp** (þegar hljóð breytist í y ý ey og a>e, e>i, á>æ, ó>æ)
 - **u-hljóðvarp** (a>u; a>ö = sumar > sumur; barn > börn)
- geta fundið **stofn** nafnorða, lýsingarorða, sagnorða
- geta greint í **orðeiningar**:
- **rót**, frumatkvæði orðs (faraldur, ódugnaður)
- **viðskeyti**, bætt aftan við rót (ódugnaður)
- **forskeyti**, bætt framan við rót (ódugnaður)
- **stofn**, allt nema beygingarendingin
- **beygingarending**; það sem er skeytt aftan við stofninn þegar orðið er beygt (ódugnaur, ódugnað, ódugnaði, ódugnaðar)

Setningafræði

- geta greint eftirtalda **setningarhluta**:
 - **frumlag, umsögn, andlag, sagnfylling, einkunn, forsetningarliður, atviksliður, tengiliður**
- þekkja mun á **setningu, málsgrein**
- geta greint málsgrein í **aðal- og aukasetningar**
- geta breytt **beinni ræðu** í **óbeina** (og öfugt) athuga vel greinamerki

Hljóðfræði

- þekkja mun á **sérhljóðum** og **samhljóðum**
- þekkja **tvíhljóðin**
- átta sig á muninum á **bókstaf og hljóði**
- geta greint hvort hljóð er **raddað** eða **óraddað**
- átta sig á hvort hljóð er **langt** eða **stutt**
- geta skipt orðum í **atkvæði**
- þekkja dæmi um **mismunandi framburð** eftir landshlutum

Merkingarfræði

- þekkja mun á **málsháttum** og **orðtökum**
- gott að kunna sem flesta málshætti og orðtök
- geta greint hvort orð eru **hlutstæð** eða **óhlutstæð**
- **víðtæk** og **sértæk** orð
- **nýyrði, tökuorð**

Nokkur bókmenntahugtök

Bragfræði

- **hrynjandi**
- **bragliðir**
 - forliður
 - tvíliður
 - þríliður
 - stúfur
- **hákveða**
- **lágkveða**
- **rím**
 - endarím
 - innrím
 - víxlrím
 - karlrím
 - kvenrím
- **ljóðstafir**
 - stuðlar
 - höfuðstafur

Myndmál – stílbrögð

- **andstæður**
- **bein mynd**
- **endurtekning**
- **líkingar**
 - persónugerving
 - myndhverfing
 - viðlíking
- **tákn**
- **vísun**
- **ljóðmælandi**
- **tími**
 - innri tími
 - ytri tími
- **minni (í sögum)**
- **minni (í ljóðum)**
- **sjónarhorn höfundar (sögumanns)**
 - alvitur sögumaður
 - sögumaður takmarkar vitneskju sína
 - hlutlægur sögumaður
 - 1. persónu frásögn